

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar, sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994 um reynslusveitarfélög staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, sbr. 16. gr. laganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og gildir til og með 31. desember 1999.

Umhverfissráðuneytinu, 23. júlí 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

23. júlí 1996

Nr. 428

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

1. Geislagata: Bifreiðastöður skulu bannaðar báðum megin götu á nýjum hluta Geislagötu frá Strandgötu og að suðurhlíð húss nr. 7. Þaðan og að Gránufélagsgötu verða bifreiðastöður óheimilar við austurbrun götu, óbreytt frá því sem nú er.
2. Götustubbur sunnan við Geislagötu 5: Bifreiðastöður bannaðar báðum megin götu.
3. „Hólabraut“ sunnan götustubbs við Geislagötu 5 (gamla Geislagata): Á „Hólabraut“ frá götustubbi sunnan Geislagötu 5 og að Ráðhústorgi skal vera einstefna með akstursstefnu til suðurs og bifreiðastöður bannaðar báðum megin götu. Umferð um götuna skal víkja fyrir umferð um Ráðhústorg/Strandgötu með biðskyldu.
4. Strandgata: Bifreiðastöður skulu bannaðar báðum megin götunnar frá gatnamótum við Geislagötu/Hofsbot og að Glerárgötu.
5. Gránufélagsgata: Bifreiðastöður skulu bannaðar báðum megin götu milli Brekkugötu og Hólabrautar.
6. Kaupvangsstræti 1, skammtímastæði: Í sérstöku bifreiðastæði úr frá Kaupvangsstræti við hús nr. 1, skal hámarksstöðutími bifreiða vera 5 mínútur.

Innakstur að bifreiðastæðinu er aðeins leyfður úr vestri frá Kaupvangsstræti og útakstur aðeins til austurs í Kaupvangsstræti. Annar inn- og útakstur er bannaður.

7. Eyrarvegur: Tvístefnuakstur er heimilaður á Eyrarvegi milli Sólvalla og Hvannavalla.
8. Oddeyrargata - Brekkugata: Beygjubönn á gatnamótum Oddeyrargötu og Brekkugötu eru felld úr gildi.
9. Krossanesbraut: Frá 150 metra fjarlægð sunnan gatnamóta við Þverholt norður að gatnamótum við Hlíðarbraut er framúrakstur bannaður.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 23. júlí 1996.

Björn Jósef Arnviðarson.